

Grundarfjarðarbær
Kristín Þorleifsdóttir
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 13. desember 2023
UST202311-320/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 og nýtt deiliskipulag - Verslunar og þjónustu á Grund 2

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 og nýs deiliskipulags fyrir verslunar- og þjónustu á Grund 2.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sé rúmlega 5,5 ha og tekur til rúmlega 1,7 ha Grundar 2 og rúmlega 3,8 ha úr landi Grundar. Breytingin gengur út á að svæðinu er breytt í verslun- og þjónustusvæði og minnkar landbúnaðarland sem því nemur. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir nýju gistiheimili, tjaldsvæði, leiksvæði og annarri aðstöðu fyrir ferðafólk til viðbótar við núverandi húsakost þ.e. íbúðarhús, þjónustubyggingu og aðrar ferðaþjónustutengdar byggingar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur